

Áætlun um jöklamælingar 1997

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-97/-

ÁÆTLUN UM JÖKLAMÆLINGAR 1997

Verkefni

Afkomumælingar Hofsjökuls hafa verið í nokkuð föstum skorðum síðan 1989. Farnar hafa verið mælingaferðir í febrúar, maí, júlí (ágúst) og september (október) öll árin nema 1996 þegar febrúarferðinni var sleppt. Mun stopulli hafa mælingar verið á jöklum austanlands á Þrándarjökli og Eyjabakkajökli. Þær hófust vorið 1991 og oftast nær hefur þeirra verið vitjað aðeins tvisvar á ári eða jafnvel tæplega það. Árið 1996 sá Raunvísindastofnun um mælingar á Eyjabakkajökli vegna samstarfs nokkurra Evrópuþjóða um mælingar á afkomu og loftslagi á Vatnajökli.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að fara við þriðja mann á Hofsjökul í maí og september. Má áætla vorferðina 10-12 dag en haustferð 5-6 daga. Í sumarferð í júlí var síðast farin í þyrlu og náiðist þá auðveldlega að mæla allt sem þurfti á 5-6 tínum.

Í sporðamælingum liggur fyrir að fara að Kötlujökli til að setja upp ný merki og sömuleiðis að setja nýja menn í mælingar á sporðum í Suðursveit og Hornafirði.

Í fyrra var byrjað að merkja jökuljaðra á landinu á gervitunglamyndir (Vatnajökull, Hofsjökull, Tungnafellsjökull, Veðurárdalsfjöll, Þrándarjökull, Hofsjökull eystri, Sauðhamarstindur og Snæfell). Þetta mætti kalla jöklaskrá Íslands. Áætlunin var að klára jöklalaðsins fyrrihlutann í veturn sem samstarfsverkefni við Landmælingar Íslands en það frestaðist. Það ber að klára í ár.

Skýrslugerð

Aðeins hafa verið gefnar óformlegar skýrilsur um afkomu jöklalaðsins síðan 1994 og liggur því fyrir að gefa þær út.

Gert er ráð fyrir að út komi á árinu ýtarleg grein í Jöklum um breytingar á jökulsporðum fyrir tímaðilið 1930-1995.

Kominn er tími fyrir jökulhlaupaannál frá 1989 og síðar sem einnig að birtast sem grein í jöklum.

Enn er áætlað að greina frá um hreyfingar á Hofsjökli mældar með GPS í samvinnu við Tómas Jóhannesson. Þetta hefur komið út úr mælingum á stíkum á jöklinum, fyrst 1990 og 1991 af Gunnari Þorbergssyni og síðan með GPS mælingum í hverri ferð á jökulinn.

Skrifa þarf greinargerð með Jöklaskrá Íslands.

Gert er ráð fyrir að ganga frá handriti að Satellite Image Atlas of the Glaciers of the world; chapter D Iceland. Þetta er í samstarfi við USGS.